

TOPP 10

London — Music Week

- 1(1) Three times a lady Commodores
- 2(2) Dreadlock Holiday 10.c.c.
- 3(3) Jilted John Jilted John
- 4(4) Oh what a Circus David Essex
- 5(7) Hong Kong Garden David Essex
- 6(10) Kiss you all over The Banshees
- 7(3) Brown Girl in the ring/ Exile
- Rivers of Babylon
- 8(9) British Hustle Boney M.
- 9(8) Picture this Hi Tension
- 10(6) It's raining Blondie

New York — Billboard

- 1(1) Boogie Oogie Oogie Taste of Honey
- 2(2) Kiss you all over Exile
- 3(4) Hopelessly devoted to you Olivia Newton-John
- 4(3) Three times a lady Commodores
- 5(8) Summer nights John Travolta og Olivia Newton-John
- 6(6) Hot Blooded Foreigner
- 7(5) An everlasting love Andy Gibb
- 8(9) Don't Look Back Boston
- 9(13) Reminiscing Little River Band
- 10(12) Hot Child in the City Nick Gilder

— í Englandi Bandaríkjunum og á Íslandi

Það má svo sannarlega segja að það sé kyrrstaða sem einkennir vinsældalistana í þessari viku, því að engin hreyfing er á breska listanum og aðeins tvær breytingar á þeim bandaríska og í þeim tilvikum fara nýju lögin aftast á listann.

Í dag er einnig kynntur nýr íslenskur listi sem kemur frá veitingahúsinu Óðali og er hann vel þeginn.

Ef litid er yfir listana og byrjað á London, kemur í ljós að Commodores eru ekkert á því að gefa toppinn eftir, en þar sitja þeir enn sem fastast með lagið

„Three times að lady“. 10 c.c. fylgja fast á hæla þeirra með lagið „Dreadlock Holiday“ og annað sem umtalsvert er, er það að bæði Exile og punk söngkonan Siouxsie ásamt hljómsveit sinni The Banshees klifa á brattann um leið og Boney M og Darts hrapa um nokkur sæti.

Það er eins og áður segir sama sagan í New York en þar er toppurinn óbreyttur. Eina umtalsverða breytingin sem á listanum er auk hinna tveggja nýju laga sem koma í stað „Grease“ og „Fool (If you think it's all over)“, er sú að skóthjúin Travolta og Newton-John færast upp um 3 sæti með „sumarnætur“ sínar, en þau eiga nú tvö lög á listanum. Þá

vekur athygli að hin ágæta hljómsveit Little River Band er komin inn á lista.

Íslenski listinn frá Óðali skýrir sig að mestu leyti sjálfur og þar er þriðji toppurinn sem er

óbreyttur frá því í síðustu viku. Athygli vekur stórt stökk Andy Gibb með lagið sitt „An everlasting Love“ og þá virðist „Karnaþæjarlagið“ með John Paul Young ætla að gera það gott.

—ESE

Reykjavík — Óðal

1. (1) One for you, one for me La Bionda
2. (5) Boogie, Oogie, Oogie A taste of Honey
3. (6) Love is in the Air John Paul Young
4. (2) Grease Frankie Valli
5. (3) Miss you Rolling Stones
6. (8) Lay love on you Luisa Fernandez
7. (10) Three times a lady Commodores
8. (14) Shame Evelyn Champagne King
9. (11) Lovin you is gonna see me through Tower of Power
10. (20) An Everlasting Love Andy Gibb.

Haustsýning FÍM

Síðastliðinn laugardag var opnuð Haustsýning Félags Ísl. myndlistarmanna, en sýningin er haldin í sýningarsal félagsins að Laugarnesvegi 112 í Reykjavík. Er sýningin nú með nokkuð óvenjulegu sniði, - myndirnar eru minni en áður, og færri, og að þessu sinni var utanfélagsmönnum ekki gefinn kostur á að senda verk sín á Haustsýninguna, svo þetta er innanfélagsmót, eins og það heitir á íþróttamáli.

Smámynt í gildi.

Haustsýning FÍM er orðin mjög gömul stofnun, ef miðað er við það hversu stutt er síðan

myndlistin hófst til vegs á Íslandi. Hún hefur haft sitt gildi líka, á því er enginn vafi. Í þann mund er fé er rekið heim af fjalli og fuglarnir fara að búa

síð til flugs, skeður eitthvað í mannum líka. Hann byrjar að búa sig undir rysjóttu tíð og langan, iskaldan vetur. Arstíðirnar eru nefnilega ekki aðeins úti í nátturinni, í sólkerfinu, heldur í mannum líka, og hann fer eftir ytri táknum við að taka úr sér sumarið og setja í sig vetur, og eitt táknið var haustsýning FÍM. Það var kominn vetur.

Haustsýning FÍM hefur átt við listpólitíska örðugleika að etja undanfarin ár. Bestu og reyndustu listamenn þjóðarinnar taka ekki þátt í þessari sýningu. SEPTEM hópurinn heldur sig sér í Norræna-húsinu, aðrir sitja heima. Þetta hefur hvað sem tautar og raular, dregið að verulegu leyti úr gildi sýningarinnar. Hún er ekki lengur það úrtak, sem hún þarf að vera, úr íslenski samtímalist, - og nú hafa sjónarmiðin verið þrengd enn frekar. Listamenn utan FÍM fá ekki tækifæri til þess að senda verk sín á sýninguna og stærri myndir listamanna eru útilokaðar líka, því nú er smámyntin í gildi.

Um myndirnar.

Annað mál er það, að þetta er ljómandi skemmtileg sýning, og frumleg, þótt hún beri ekki á herðunum það sem henni er ætlað að standa undir, kúntina á Íslandi frá því í gær.

A haustsýningu FÍM sýna 25 myndlistarmenn milli 65 og 70 myndir.

Þetta eru verk af öllum mögulegum gerðum, grafík, teikningar, vatnslitamyndir, kitarmyndir, olíumálverk, skulptúrur og vefnaður. Verulegra nýjunga gætir ekki, nema ef vera kynni í myndum Eiríks

Smith, sem nú hefur fært sig enn meir í áttina til realisma, ef þetta eru þá ekki aðeins tilraunamyndir. Snorri Sveinn kynnir einnig nýjungar, eins konar framhald af kolateikningum þeim er hann á sínum tíma sýndi í Norræna húsinu. Aðrir með athyglisverð verk eru Þórður Hall, Sveinn Björnsson, Sigrún Guðjónsdóttir, Gestur Þorgrímsson, Ragnar Kjartansson og Þorbjörg Höskuldsdóttir.

Sýningunni lýkur á sunnudaginn kemur, 24. september.

Jónas Guðmundsson.

